



Góðir Kiwanisfélagar

Bréf þetta er skrifað til að minna ykkur á Evrópuþing Kiwanis 2012. Þingið í á verður haldið í Bergen í Noregi 8.- 10. júní í sumar.

Eins og undanfarin ár áður gengst umdæmið fyrir ferð á þingið. Í boði er 8 náttu ferð. Fyrst um nágrenni Bergen, en síðan verður dvalið í Bergen, þingið sótt og ýmislegt annað sér til gamans gert. Einnig er verið að vinna að styttri ferð sem miðast einungis við þingsókn.

Kosningarétt á Evrópuþingi hafa að hámarki 3 fulltrúar frá hverjum umdæmisfélögum, fyrrverandi Evrópuforsetar og umdæmisstjórnir umdæmisins ásamt sitjandi umdæmisstjórn. Þingfulltrúa verður að skrá a.m.k. 30 dögum fyrir þing. Undirbúningur og framkvæmd ferðanna er í vönum höndum okkar ágætu ferðamálafrömuða, hinna góðþekktu og víðreistu Didda og Bödda og er það bara ávísun á gæði og góða ferð.

Á þinginu verður Óskar Guðjónsson fráfarandi umdæmisstjóri í kjöri til embættis fulltrúa Evrópuþingar í heimsstjórn. Þar hefur fulltrúi umdæmisins ekki setið síðan Eyjólfur Sigursson fyrir margt löngu. Á þessari stundu er Óskar einn í framboði, en framboðsfrestur rennur út 90 dögum fyrir þing. Fjöldmenn liðssveit umdæmisfélaga væri honum mikill stuðningur og ef frændur vorir Norðmenn skila sér myndi það fara langt með að tryggja sætið. En þingið snýst ekki einvörðugu um kosningu heldur að treysta tengsl við Kiwanisfélagi í Evrópu og eiga góðar samverustundir í góðra vina hóp. Samhugur og skemmtileg heita hafa enda alltaf einkennt ferðir þeirra félaga.

Ef þú hefur áhuga á að slást í hópinn þá er bara að hafa samband, fá upplýsingar og skrá sig til þátttöku!

Með Kiwaniskveðju
Björn Baldvinsson, Mosfelli –
boddi@centrum.is
– Sími 694 7300
Diðrik Haraldsson, Búrfelli –
diddiharalds@hotmail.com
– Sími 899 1790

Ferðatilhögun og ítarleg leiðarlýsing

Mánudagur 4. júní

Flug til Bergen með Icelandair. KEF 08:00 - BGN: 12:20

Ekið til Tyssedal og gist á hótél Tyssedal

<http://www.hardangerfjord.com/en/Product/?TLp=35207>

Þriðjudagur 5. júní

Dagsferð um nágrennið.

Miðvikudagur 6. júní

Ekið til Geilo og gist á hótél Geilo

<http://www.geilohotel.no/>

Fimmtudagur 7. júní

Ekið til Bergen og gist á Comfort hotel Holberg í 5 nætur.

<http://www.comfortinn.com/hotel-bergen-norway-N0013>

Föstudagur 8. júní til þriðjudagsins 12. júní

Dvalið í Bergen. Ekið á flugvöllinn 12. júní og flogið heim með Icelandair.

BGN 13:10 - KEF 15:15

Verð ferðarinnar er 198,800kr.

Noregsferð 4. til 8. Júní 2012 með fyrirvara um breytingar)

Mánudagur 4. júní.

Flogið til Bergen með Icelandair kl. 8 og lent í Bergen kl. 12:20. Frá flugvellinum til borgarinnar er um 20 mínútna akstur en við ætlum ekki að fara þangað núna. Við höldum aðeins til austurs og krækjum fyrir Samnargerfjörð og beygjum þá til suðurs. Við komum að Hardangursfirði sem er af mörgum talinn vera einn sá fallegasti, dýpsti, lengsti og ég veit ekki hvað. Þar förum við yfir á ferju og leiðin liggur til bæjarins Tyssedal. Þangað er um 135 km akstur eða rétt innan við 3. klst keyrsla og gist á Hótel Tyssedal í 2 nætur. Þetta hótél er rekið af Íslandingum.

Þriðjudagur 5. júní.

Í nágrenninu eru fallegir staðir. Við skulum skoða sem heitir Oddi. Frá Odda liggur fallegur stígur við enda fjarðarins Sörfjord. Rútan lætur okkur út við byrjun stígsins. Síðan ekur hún til enda og bíður þar í 1 klst. Þá ekur hún til baka og týnir upp fólkið þar sem það er komið. Þið ráðið ferðinni og hvað hratt þið gangið. Þetta byggir auðvitað á veðri. Síðan er ekið til Röldal og skoðuð forn stafkirkja. Á leiðinni er stoppað og við skoðum mest myndaða foss Noregs Lotefossen. Eftir það er ekið til baka heim á hótél.

Miðvikudagur 6. Júní

Ekið til bæjarins Geilo 154 km. leið og gist þar um nóttina. Venjulega þegar við förum um jarðgöng liggja þau nánast lágrétt. Á leiðinni til eru hinsvegar göng sel liggja nánasr lóðrétt. Til þess að mögulegt sé að keyra þau verða þau auðvitað að vera hringlaga eins og spirall upp fjallið þangað til komið er á toppinn. Þar sjáum við yfir Eidfjorden og bæinn Eidfjord beint fyrir neðan okkur. Þar er feikilega gott útsýni.

Fimmtudagur 7. Júní

Ekið til Bergen. Þetta er 279 km. leið og við förum af stað kl. 9. Ekið er til norð/vesturs upp í hálendið. Þar skiptast á fjöll og dalir, vötn og jarðgöng. Við komum að stað þar sem heitir Flam. Flam járnbrautin er ævafor og fræg vegna legu sinnar. Við höfum ekki tíma til að fara með lestinni en það væri vissulega áhugavert. Við stoppum í bænum Voss og fáum okkur hressingu. Þó vegalengdin sé ekki mjög löng er margt að sjá og vegurinn seinfarinn á köflum. Eftir það ökum við til Bergen og beint á hótelið.

Föstudagur 8. Júní

Um morguninn fara þingfulltrúar og sækja þinggögnin. Síðan er frír dagur fram að þingsetningu. Í Bergen er margt að skoða. Gamla hafnarsvæðið og gömlu húsin, sem mörg þjóna núna nýju hlutverki Fiskmarkaðinn verðum við að skoða. Þingsetningin er kl. 00.00 Þangað förum við öll saman og síðan á vináttukvöldverðin á eftir.

Laugardagur 9. Júní

Evrópuþingið. Lokahóf um kvöldið. Makaferð um morguninn.

Sunnudagur 10. Júní

Í dag hugsum við okkur að finna skemmtilega siglingu um fjörðinn. Það er um ýmislegt að velja. Við komum aftur að landi fyrir kvöldmat.

Mánudagur 11. Júní

Frír dagur. Ef veðrið verður gott er upplagt að fara upp á fjallið Ulriggeren. Þangað liggur kláfur upp og útsýnið yfir Bergen er stórkostlegt. Kl. 18:00 er boð hjá verðand heimsforseta.

Þriðjudagur 12. Júní

Flogið heim frá Bergen með flugi Icelandair kl. 13:10 og lent í Keflavík kl. 15:15